



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETAHJÓN HEIMSÆKJA LANGANESBYGGÐ OG VOPNAFJARÐARHREPP

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps dagana 24. og 25. mars næstkomandi.

Í Langanesbyggð munu forsetahjónin heimsækja grunnskóla Þórshafnar. Einnig verður heilsað upp á yngstu íbúana í leikskólanum Barnabóli og þá elstu á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Nausti. Forsetahjónin munu heimsækja frystihúsið Ísfélagið og að þeirri heimsókn lokinni verður kaffisamsæti fyrir alla íbúa í Þórsveri þar sem kvenfélagið Hvöt sér um veitingar. Dagskrá fimmtudagsins lýkur með íbúafundi á Bakkafirði þar sem forsetahjónin fá kynningu á verkefninu Betri Bakkafjörður.

Daginn eftir, föstudaginn 25. mars, heldur hin opinbera heimsókn áfram á Vopnafirði. Þar munu hjónin kynna sér starfsemi bæjarfélagsins. Þau heimsækja ungu kynslóðina í grunn- og leikskólum og líta inn á hjúkrunarheimilið Sundabúð. Einnig heimsækja hjónin fiskvinnslufyrirtækið Brim og fleiri atvinnufyrirtæki í bænum. Dagskrá heimsóknarinnar lýkur með opnu húsi fyrir alla bæjarbúa í félagsheimilinu Miklagarði þar sem heimamenn bjóða upp á samveru, samtal og léttar veitingar og hefst sú samkoma klukkan 15:00.

*23. mars 2022*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir sérfræðingur (895 8885).*